



Samband íslenskra sveitarfélaga

# Tíðindi

4. tbl.  
apríl  
2015



# XXIX. landsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga

XXIX. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldið í Salnum í Kópavogi föstudaginn 17. apríl sl.

Í setningarávarpi sínu sagði Halldór Halldórsson, formaður sambandsins að hann fagnaði nýjum kjarasamningi við grunnskólakennara og vinnumati honum tengdu. Hann sagði samninginn auka sjálfstæði skólasamfélagsins og vonaði að þær verulegu launahækkanir sem kjarasamningurinn felur í sér hvetji ungt fólk til að mennta sig til starfsins.

Helstu viðfangsefni landsþingsins að þessu sinni voru m.a. lýðræði og efling sveitarstjórnarstigsins, svæðasamvinna, kosningalöggjöfin og staða endurmats á flutningi málefna fatlaðs fólks.

Halldór sagði í ræðu sinni að umræðan um svæðasamvinnu yrði að taka mið af framtíðaráskorunum sveitarfélaga og að sveitarstjórnarmenn þyrftu að líta lengra fram í tímann en bara til yfirstandandi kjörtímabils.

*Það er fyrirséð að velferðarþjónustan á eftir að þyngjast og verða dýrari vegna öldrunar íbúa næstu áratugina og líka vegna þess að þróunin er í þá átt að íbúar eru að gera stöðugt meiri kröfur um þjónustu sem er sniðin að þeirra einstaklingsbundnu þörfum.*

Ólöf Nordal innanríkisráðherra flutti ávarp á landsþinginu. Hún kom víða við í ræðu sinni, hvatti sveitarstjórnarmenn m.a. til að meta með hvaða hætti væri unnt að fagna því að 100 ár eru frá því að konur fengu kosningarétt á Íslandi.

Einnig sagði hún að minnkandi kosningabátttaka væri mikið áhyggjuefni, sérstaklega kosningabátttaka ungs fólks. Góð kjörsókn er mikilvægur þáttur í lýðræðissamfélagi. Því er mikilvægt að skoða hvers vegna þessi þróun á sér stað. Ráðuneytið lét rannsaka þetta eftir síðustu



sveitarstjórnarkosningar og þar kom glögglega í ljós að yngra fólk er síður að nýta sér kosningarétt sinn en þeir eldri. Unga fólk sagði m.a. að atkvæðið þeirra skipti ekki máli og að engin flokkur höfðaði til þeirra. Ráðherra sagðist í ræðu sinni vilja að innanríkisráðuneytið og sambandið vinni að því að skoði þetta betur og hjálpast að við að finna leiðir til að auka kosningabátttöku ungs fólks.

[Öll erindi frá landsþinginu má finna á vef sambandsins](#)



# SAMSTARF EÐA SAMEININGAR?

Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs, og Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Grindavík fluttu erindi á landsþinginu undir yfirskriftinni „Samstarf eða sameiningar sveitarfélaga“. Þau fjölluðu um þróun sveitarstjórnarstigsins síðustu ár og hvaða afleiðingar það hefur haft að áherslan hefur færst frá sameiningum sveitarfélaga til samstarfs. Þau bentu á nokkur atriði sem gætu gert svæðasamstarf skilvirkara.

1. Fækka sveitarfélögum sem eru aðilar að samstarfinu með sameiningum.
2. Hafa lágmarksíbúatölu í sveitarfélögum.
3. Einn skóli, eitt sveitarfélag.
4. Þegar jöfnunarframlög eru orðin, t.d. 50% af skatttekjum sveitarfélags verði því gert skylt að sameinast öðru.
5. Skýra umhverfi samstarfsverkefna enn betur en gert er í núgildandi lögum.

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórn málafræði við Háskóla Íslands og Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri á Akranesi fjölluðu um lýðræðislega stöðu sveitarfélaga og það hvort þau séu í stakk búin að taka að sér fleiri verkefni.

Gunnar Helgi sagði að þrátt fyrir að sveitarfélögum hafi fækkað töluvert þá sé ekki eðlilegt að 10% íbúa

búi í 72% sveitarfélaganna. Hann sagði að rök fyrir sameiningu sveitarfélaga hafi hingað til snúist um rekstrarlegt hagræði og það séu sterk rök að ákveðnu marki. Það sem hafi ekki fengið nægilega athygli í þessari umræðu sé lýðræðishallinn sem verður til við að færa verkefni í byggðasamlög ofl. Annar vandi sé skortur á faglegri stjórnsýslu í mörgum smáum sveitarfélögum og skortur á faglegum stuðningi við hina pólitísku forystu.

Regína sagði m.a. í erindi sínu að á Íslandi væru tæplega 30% verkefna hins opinbera á vegum sveitarstjórnarstigsins en á bilinu 40-60% í flestum öðrum norrænum ríkjum. Hún sagði vilja flestra standa til þess að færa fleiri verkefni til sveitarfélaga en miðað við fjölda fámennra sveitarfélaga á Íslandi í dag og fjárhagslega stöðu þeirra þá sé það ekki mögulegt. „Við stöndum frammi fyrir tveimur kostum; að fækka verkefnum eða fækka sveitarfélögum,“ sagði Regína.



# Skrifað undir samning um aukið samstarf

Á samráðsfundi ríkis og sveitarfélaga, sem haldinn var 15. apríl sl. skrifaði Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, ásamt fjármála- og efnahagsráðherra og borgarstjóranum í Reykjavík undir samkomulag um aukið samstarf opinberra vinnuveitenda í kjaramálum.

Samkvæmt samkomulaginu er sett á laggir kjaramálaráð, sem hefur það hlutverk að vera ráðgefandi gagnvart aðilum samkomulagsins og skal það stuðla að samhæfingu við gerð kjarasamninga. Í kjaramálaráði sitja fjórir fulltrúar, einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn fulltrúi Reykjavíkurborgar og tveir fulltrúar fjármála- og efnahagsráðherra.

Helstu verkefni kjaramálaráðs eru að að greina almennar efnahagsforsendur og gera tillögu um sameiginlega stefnu varðandi svigrúm til launahækkana og vera vettvangur upplýsingagjafar og samráðs varðandi almenn samskipti aðila á vinnumarkaði og mál sem varða réttindi opinberra starfsmanna, s.s. lífeyrismál. Einnig á það að fjalla um meginþætti kjarastefnu aðila og gera tillögu um sameiginlegar áherslur og markmið við kjarasamningsgerðina.

Samkomulagið er til tveggja ára og litið er á það sem nokkurs konar tilraunaverkefni. Ríki og sveitarfélög hafa haft ákveðið samstarf í kjaramálum undanfarin ár en með samkomulaginu er markmiðið að efla það til muna.



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, og Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra skrifa undir samkomulagið.

# Almenn viðmið


## Um skólareglur grunnskóla komin út

Samkvæmt reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum skal setja skólareglur í hverjum grunnskóla með skýrum viðbrögðum og viðurlögum við brotum á þeim. Í 9. grein hennar segir að mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu í samráði við aðila skólasamfélagsins útbúa almenn viðmið um skólareglur.

Starfshópur sem skipaður var fulltrúum skólustjóra, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga vann að [gerð viðmiðanna](#) sem eru aðgengileg á upplýsingavef sambandsins.

Vakin er athygli á því að aftast í skjalinu er að finna virka tengla með vísanir í lög, reglugerðir, alþjóðasáttmála, leiðbeiningar, verklagsreglur og önnur gögn sem lýsandi eru fyrir réttindi og skyldur nemenda í grunnskólum og nýtast við málsmeðferð.

Við vinnu viðmiðanna fór fram umræða um mikilvægi tiltekins verklags vegna tímabundinnar brottvísunar úr skóla. Ákveðið var að skrá það niður og er það jafnframt aðgengilegt á sömu vefslóð. Þá má geta þess að nýútkomin meistaraþrófsrannsókn Önnu Grétu Ólafsdóttur, skólustjóra Flóaskóla, um andmælarétt og velferð nemenda við brottvísun úr grunnskóla kom sér vel í vinnu samráðshópsins.



# Nokkrar mikilvægar kennitölur



Þessar vikurnar eru sveitarstjórnir almennt að ganga frá afgreiðslu ársreiknings fyrir árið 2014. Ársreikningur sveitarfélags er í augum margra, sem eru óvanir að lesa úr ársreikningum, óskaplegt talnaflóð sem erfitt sé að átta sig á. Það er ekkert skrítið að það vaxi þeim í augum, sem eru nýlega farnir að bera ábyrgð á rekstri síns sveitarfélags, að lesa ársreikninginn sér til gagns. Það tekur ákveðinn tíma að ná tökum á þeim hugtökum, upplýsingum og niðurstöðum sem er að finna í ársreikningi. Fyrir þá sem eru óvanir að lesa úr ársreikningi er á hinn bóginn hægt að byrja á að glöggva sig á nokkrum mikilvægustu kennitölunum og fá á þann hátt tilfinningu fyrir því sem mestu máli skiptir um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Síðan er alltaf hægt að byggja ofan á það með tímanum. Hér er gefið

stutt yfirlit um nokkrar kennitölur sem segja mjög mikið um fjárhagsstöðu hvers sveitarfélags.

## Veltufé frá rekstri

Veltufé frá rekstri kemur fram í sjóðstreymi. Það gefur upplýsingar um hver há fjárhæð er eftir af heildartekjum sveitarfélagsins þegar búið er að borga allan daglegan rekstur s.s. laun og kaup á vörum og þjónustu. Ekki er tekið tillit til reiknaðra liða s.s. afskrifta eða breytinga á lífeyrisskuldbindingum. Veltufé frá rekstri á þannig að standa undir afborgunum lána annars vegar og nýttast hins vegar til fjárfestinga. Ef veltufé frá rekstri er neikvætt þá standa heildartekjur ekki undir heildarútgjöldum og ekkert er eftir til að greiða afborganir eða til að leggja í fjárfestingar.

# Fjármál sveitarfélaga

## Fjárhagur 4. hluti



gefur til kynna hve það tekur sveitarfélagið mörg ár að greiða niður langtímalán miðað við óbreytt veltufé frá rekstri. Því færri ár sem það tekur því betra. Niðurstaðan gefur til kynna hver fjárhagslegur stöðugleiki sveitarfélagsins er. Það getur verið erfitt að greiða afborganir lána ef veltuféð er lítið sem ekki neitt jafnvel þótt heildarskuldir séu lágar. Á sama hátt getur það verið auðvelt fyrir sveitarfélag að greiða af háum lánum ef veltuféð er hátt. Því skuldsettara sem sveitarfélagið er því meiri kröfur þarf að gera um hátt veltufé frá rekstri

### Veltufjárhlutfall (Veltufjármunir deilt með lausaskuldum)

Veltufjármunir eru lausafé, bankainnistæður og skammtímakröfur sem líklegt er að verði greiddar innan ársins. Lausaskuldir eru þær skuldir sem þarf að greiða innan ársins. Veltufjárhlutfall eða hlutfall milli veltufjármuna og lausaskulda þarf helst að vera 1 eða hærra, þ.e.a.s. veltufjármunir þurfa að vera jafnháir lausaskuldum eða hærri. Góð veltufjárstaða leiðir af sér að það er auðveldara að greiða reikninga á gjalddaga en ella. Við greiningu á niðurstöðum ársreikninga kemur í ljós að þar sem veltufjármunir eru mun lægri en lausaskuldir þá er vaxtakostnaður mun hærri en þar sem hlutfallið er hagstæðara. Miklar lausaskuldir leiða af sér að það er erfiðara að greiða alla reikninga á gjalddaga. Í þeirri stöðu eru dráttarvextirnir fljótir að skjóta upp kollinum í rekstrinum.

### Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum

Mjög einfalt er að bera saman stöðu einstakra sveitarfélaga með því að bera saman hve hátt hlutfall veltufé frá rekstri er af heildartekjum sveitarfélagsins. Því hærra sem hlutfallið er því betri er rekstrarafkoma sveitarfélagsins.

Landsmeðaltal veltufjár frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum A-hluta árið 2013 var 10,2%.

### Veltufé frá rekstri deilt upp í langtímalán

Hægt er að átta sig á hve auðvelt sveitarfélagið á með að greiða afborganir lána með því að deila veltufé frá rekstri upp í heildarlangtímaskuldir. Útkoman



# INNLEIÐING VINNUMATS HAFIN

Nýr kjarasamningur og vinnumat grunnskólakennara hlutu samþykki í atkvæðagreiðslu samningsaðila í lok febrúar sl. Með vinnumati og öðrum breytingum á vinnutímaákvæðum kjarasamningsins skapast tækifæri til að jafna verkefnaálag milli kennara. Með samningnum opnaðist jafnframt möguleiki kennara til þess að afsala sér afslætti á kennsluskyldu við 55 og 60 ára aldur. Ríflega 80% kennara hafa notfært sér þennan möguleika og verður það til þess að leysa þörf fyrir allt að 400 ný stöðugildi kennara sem skapast hefði á næstu átta árum.

Framundan eru spennandi tímar þar sem innleidd er ný hugsun um skilgreiningu og mat á verkefnum og vinnutíma kennara sem áhrif mun hafa á starfshætti í grunnskólanum og efla skólaþróun. Af niðurstöðu atkvæðagreiðslu um kjarasamninginn má ráða að nokkur hluti kennarahópsins virðist ekki vera sannfærður um ágæti vinnumatsins, þrátt fyrir þær miklu launahækkanir sem felast í samþykkt þess. Einungis 66% þátttaka var í atkvæðagreiðslunni og þar af samþykktu tæp 60% samninginn. Hafa þarf í huga að gildistími samningsins er aðeins til 31. maí 2016.

Mikil ábyrgð hvílir á herðum skólastjóra við innleiðingu vinnumatsins en hún hvílir ekki síður á sveitarstjórnarfólki. Skólanefnd og sveitarstjórn þurfa að standa þétt við bak sinna skólastjórnenda í innleiðingarferlinu á komandi skólaári og leggja sitt af mörkum við forgangsröðun verkefna á grundvelli eigin skólastefnu. Þannig aukast líkur á því að bæði fjárhagslegum og faglegum markmiðum samningsins verði náð.

Sérstök verkefnisstjórn, sem er ráðgefandi vegna innleiðingar vinnumatsins, ber ábyrgð á upplýsingavef um vinnumatið og framkvæmd þess á slóðinni [www.vinnumat.is](http://www.vinnumat.is). Þar má m.a. finna gögn í tengslum við námskeið fyrir skólastjórnendur sem haldin hafa verið undanfarið, upplýsingamyndbönd frá Félagi grunnskólakennara um vinnumatið og margvíslegt annað efni. Hægt er að senda inn fyrirspurnir til verkefnisstjórnar á netfangið [vinnumat@vinnumat.is](mailto:vinnumat@vinnumat.is). Þá eru sveitarstjórnarmenn hvattir til þess að kynna sér [upplýsingarit um kjarasamninginn](#) sem gefið var út í tengslum við landsþing sambandsins, 17. apríl sl.



# Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara var stofnað með skipunarbréfi þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra 27. febrúar 2013. Stofnun þess kom í kjölfar vinnu samstarfsnefndar um símenntun og starfsþróunar kennara sem lauk störfum í október 2012 þar sem lagt var til að stofnað yrði fagráð til að koma samstarfi mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (HÍ), Háskólans á Akureyri (HA) og Listaháskóla Íslands (LHÍ) í formlegan farveg.

Fagráðið er skipað 20 fulltrúum, þremur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjórum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fimm frá skólastjórnendum, fjórum frá kennurum og þremur frá háskólunum sem standa að kennaramenntun (HÍ, HA, LHÍ). Á

vegum fagráðs starfar fimm manna stýrihópur og einnig vinna smærri hópar að ákveðnum málefnum. Sólrún Harðardóttir er starfsmaður fagráðs og er starfshlutfall hennar 50%.

Markmið fagráðsins er að vinna að verkefnum á sviði símenntunar og starfsþróunar kennara og skólastjórnenda í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum. Þannig stuðlar fagráðið að samræðu hagsmunaaðila og fær þá til að sameinast um leiðir og áherslur í starfsþróun kennara. Fagráðinu er meðal annars ætlað að tryggja upplýsingaflæði, ýta undir faglegar rannsóknir og umræðu og leiða erlenda umræðu til Íslands.

Nánari upplýsingar um fagráðið er að finna á [vef fagráðsins](#). Þar er meðal annars skilgreining á hugtakinu „starfsþróun“ og fundargerðir fagráðs.

## Veflæg upplýsingaveita

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, opnaði formlega, þann 19. mars sl., upplýsingaveitu fyrir fræðslutilboð sem ætluð eru kennurum, skólastjórnendum, kennslu-, náms- og starfsráðgjöfum í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum.

Markmið upplýsingaveitunnar er tvíþætt, annars vegar að miðla og hins vegar að veita yfirsýn. Vonast er til að sem flest fræðslutilboð sem ætlað er að styrkja umræddar starfsstéttir faglega og stuðla þannig að starfsþróun þeirra verði birt á upplýsingaveitunni s.s. námskeið, fyrirlestrar, ráðstefnur, málþing og samstarfsverkefni. Með því móti verða þau aðgengileg fyrir væntanlega þátttakendur en færir einnig fræðsluaðilum og öðrum mikilvægar upplýsingar um hvað er í boði og á hvaða sviðum skortir framboð. Auðvelt er að leita í upplýsingaveitunni og eru fræðslutilboðin sérstaklega merkt út frá skólastigum, skólagerðum, viðfangsefnum og formi kennslunnar.

Ef vel tekst til verður upplýsingaveitan fastur viðkomustaður skólafólks í nánustu framtíð. Fræðsluaðilar munu setja þar inn efni endurgjaldslaut. Til að byrja með verða það háskólarnir sem mennta kennara sem setja inn efni en öðrum gefst kostur á að bætast í hópinn á næstunni.

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara stendur að upplýsingaveitunni og er Upplýsingaveitan staðsett á vef fagráðsins: [www.starfsthrounkennara.is](http://www.starfsthrounkennara.is).



# Úrskurður um sorphirðu í Reykjavík

Þann 27. mars sl. kvað úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála upp áhuga- verðan úrskurð um framkvæmd sorphirðu (mál nr. 17/2013). Í málinu kærði íbúi í Breiðholti þá ákvörðun Reykjavíkurborgar að leggja sorphirðugjald á fasteign sína, með vísan til þess að hann hefði afpantað þjónustu borgarinnar og gert samning við Gámaþjónustuna um að annast alla sorphirðu frá heimili hans. Taldi kærandi sig vera í fullum rétti að kaupa þessa þjónustu af einkaaðila, sem gæti betur uppfyllt þarfir hans og hafi gilt starfsleyfi. Í svari borgarinnar til íbúans kom fram að ekki væri hægt að afpanta þessa þjónustu, með vísan til samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg. Kærði íbúinn þá álagninguna og byggði kæran á því að ólögmaett hljóti að vera að innheimta þjónustugjald fyrir þjónustu sem hafi verið afþökkuð.

Í niðurstöðu úrskurðarnefndar er kröfu kæranda um ógildingu álagningarinnar hafnað. Í úrskurðinum segir m.a.:

*„Meðhöndlun sorps er grunnþjónusta í sveitarfélagi. Hún þarf að vera í föstum skorðum og er þess eðlis að hún má ekki falla niður þótt einhverjir íbúar nýti sér hana ekki og að sama skapi verður íbúum ekki í sjálfsvald sett hvort að þeir nýta sér þjónustuna eða ekki.“*

Þá vísar nefndin til þess að í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg segi að borgin sjái um söfnun á blönduðum heimilisúrgangi frá íbúðarhúsum og hafi umsjón með rekstri grenndarstöðva fyrir flokkaðan heimilisúrgang. Einnig vísar borgin til þess að sorphirðugjald er ákvarðað sem jafnaðargjald á hverja gjaldskylda fasteign. Borginni hafi því verið heimilt að ákveða að tiltekið fast gjald skyldi lagt á fasteign kæranda enda þurfi að lágmarki að vera eitt sorpílát fyrir blandaðan heimilisúrgang við hvert íbúðarhús. Kröfu kærða um ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar var því hafnað.



Horft til norðurs yfir Grafarholt í Reykjavík.



Frá ráðstefnu um meðhöndlun úrgangs sem haldin var á Hilton Reykjavík Nordica 19. mars sl.

# MINNI SÓUN – MEIRI HAGKVÆMNI

Þann 19. mars sl. stóð Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir ráðstefnu um meðhöndlun úrgangs undir yfirskriftinni „Minni sóun – meiri hagkvæmni“. Kynntar voru m.a. mismunandi aðferðir sveitarfélaga við söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs og gestur frá Svíþjóð kynnti það sem er á döfnni varðandi úrgangsmál í Evrópu. Í lok ráðstefnunnar voru umræður meðal fundarmann aum hagkvæmni meðhöndlunar úrgangs og aðkomu mismunandi úrgangshafa að meðhöndlun úrgangs. Dagskrá ráðstefnunnar og erindi má [finna á vef sambandsins](#).

## Lífrænn úrgangur, bætt nýting, minni sóun

Þann 20. mars var haldið málþing í höfuðstöðvum landgræðslunnar á Gunnarsholti undir yfirskriftinni „Lífrænn úrgangur, bætt nýting, minni sóun“. Endurvinnsla og endurnýting lífræns úrgangs verður á næstu árum ein mesta áskorun, ekki síst fyrir sveitarfélög. Þennan úrgang má nýta í framleiðslu orkugjafa og áburðarefna. Málþingið var tekið upp og má sjá dagskrána og [upptökuna á heimasíðu landgræðslunnar](#).



# Um matarsóun

Matarsóun er allt of mikil í heimi þar sem 1 milljarður manna er ennþá vannærður og 1,3 milljarðar tonna af matvælum, eða um 40% allrar framleiðslu, fara til spillis. Matarsóun er mikil á öllum stigum framleiðslu og neyslu og er auðlindasóun, t.d. á vatni sem nú er þegar af skornum skammti víða í veröldinni. Betri stýring á matvælaframleiðslu mun einnig draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Á síðastliðnum tíu árum hefur þó orðið mikil vakning og aðgerðir eru hafnar víða til að stemma stigu við vaxandi matarsóun.

Á Degi umhverfisins 22. apríl sl. var kynnt skýrsla starfshóps um matarsóun sem umhverfis- og auðlindaráðherra hafði stofnað sl. haust. Í starfshópnum sátu auk formanns úr umhverfis- og auðlindaráðuneytinu fulltrúar Umhverfis- og Matvælastofnunar, frá samtökum iðnaðarins, ferðaþjónustu, verslunar og þjónustu, Bændasamtaka, Kvenfélagasambands, Landverndar, samtaka Vakandi og Sambands íslenskra sveitar-

félaga. Starfshópurinn leggur til aðgerðir í 12 liðum sem snúa að ítarlegum rannsóknum á matarsóun á Íslandi, upplýsingagjöf til almennings um hvernig minnka megi matarsóun, framleiðslu, dreifingu, sölu og geymslu matvæla. Athygli mun m.a. beinast að matarsóun í stóreldhúsum og skólum. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu [umhverfis- og auðlindaráðuneytisins](#).



© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100 • 128 Reykjavík  
Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir  
Myndir: Ingibjörg Hinriksdóttir og af vefsíðum  
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson  
2015/22

*Afritun og endurprentun er heimil svo  
fremi að heimildar sé getið.*